

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar
V.t. Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs
Ráðhús Hafnarfjarðarbæjar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík 22. feb. 2016

Efni: Lögmannsþóknun fyrrverandi bæjarlögmanns, Guðmundar Benediktssonar hrl., vegna lögmannsvinnu fyrir Hafnarfjarðarbæ í málinu nr. S-1/2011 fyrir Óbyggðanefnd.

Á skrifstofu mína hefur leitað fyrrverandi bæjarlögmaður Hafnarfjarðarbæjar, Guðmundur Benediktsson hrl., vegna vinnu sem hann innti af hendi í þágu bæjarins frá september 2000 og alveg til júní 2014 eða samtals yfir 14 ára tímabil.

Forsaga:

Forsaga málsins er sú að að ráðuneyti sveitarstjórnarmála, sem þá var félagsmálaráðuneytið, óskaði eftir því í bréfi dags. 01.03.2000 að sveitarfélögin Garðabær og Bessastaðahreppur gengju frá formlegu samkomulagi um mörk sveitarstjórna á tilteknu 3000 ha landi sem hafði tilheyrт Álfaneshreppi hinum forna. Þann 23.08.2000 gengu Garðabær og Bessastaðahreppur frá samkomulagi þess efnis og sendu til staðfestingar í félagsmálaráðuneytið. Umbjóðandi minn, sem þá var starfandi bæjarlögmaður Hafnarfjarðarbæjar komst að umræddu samkomulagi fyrir tilviljun og vakti athygli bæjaryfirvalda Hafnarfjarðar á því. Úr varð að umbjóðanda mínum var falið að mótmæla umræddu samkomulagi með bréfi staðfestu af bæjarráði Hafnarfjarðar dags. 04.07.2001. Með bréfi dags. 23.06.2003 óskaði þáverandi bæjarstjóri eftir að óbyggðanefnd tæki fyrir kröfu Hafnarfjarðarbæjar að umrætt landsvæði falli undir stjórnsýslulögsögu Hafnarfjarðar. Vegna fyrri aðkomu umbjóðanda míns að málinu var þess óskað af hálfu bæjarstjóra að umbjóðandi minn myndi undirbúa málið og flytja það fyrir óbyggðanefnd og dómstólum ef til kæmi. Umbjóðandi minn hófst þegar handa við gagnaöflun í málinu sem fyrir lá að yrði gríðarlega mikil og vandasöm.

Með starfslokasamning dags. 07.07.2010 létt umbjóðandi minn af störfum hjá Hafnarfjarðarbæ. Undir þann starfslokasamning ritaði þáverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Lúðvík Geirsson og umbjóðandi minn. Í 6. tl. starfslokasamnings er tiltekið að Hafnarfjarðarbær feli umbjóðanda mínum persónulega að reka umrætt lögsögumál fyrir óbyggðanefnd og eftir atvikum fyrir dómstólum. Í umræddum 6. tl. starfslokasamnings var svo tiltekið að aðilar myndu semja um greiðslur fyrir þennan málarekstur.

Málarekstur:

Beinn málarekstur fyrir óbyggðanefnd hófst með bréfi frá umbjóðanda mínum dags. 08.12.2010. Málið vatt mjög mikið upp á sig en inn í málið komu öll þau sveitarfélög sem hugsanlega gátu átt tilkall til lögsögu á umræddu landsvæði. Þetta voru auk Hafnarfjarðar Grindavík, Reykjavík, Kópavogur, Mosfellsbær og

sveitarfélagið Ölfus auk Álftaness, Seltjarnarnes og Garðabæjar sem undir rekstri málsins féllu frá kröfum sínum.

Í málí þessu kom upp sú staða að Hafnarfjarðarbær var skipaður til sóknar í málínun gegn öllum hinum sveitarfélögum sem aðilar voru. Og Hafnarfjarðarbær var gert að afla allra gagna málsins að eigin frumkvæði sem er ólíkt því þegar óbyggðahefnd hefur mál til meðferðar að eigin frumkvæði sbr. lög nr. 58/1998.

Málarekstur fyrir óbyggðanefnd stóð yfir frá fyrstu fyrirtöku málsins dags. 22.12.2010 og þar til síðasti málflutningur fór fram dags. 20.03.2014. Í millitiðinni urðu ekki færri en 8 fyrirtökur hjá óbyggðanefnd auk þess sem málið var tvisvar sinnum flutt í heild sinni, þann 02.02.2012 og 20.03.2014. Annað mál, nr. S-2/2011 var sameinað inn í þetta mál með úrskurði dags. 04.05.2011. Hafnarfjarðarbær lagði tvísvar sinnum fram fullar greinargerðir í málið auk þess að svara greinargerðum annarra sveitarfélaga.

Málinu lauk með úrskurði óbyggðanefndar sem kveðin var upp 20.06.2014, þar sem fallist var á allar kröfur Hafnarfjarðarbæjar.

Hagsmunir:

Með úrskurði óbyggðanefndar stækkaði lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar um tæpa 3000 hektara. Innan þessa svæðis eru m.a. jarðhitartéttindi í Brennisteinsfjöllum sem þegar eru staðfest sem hagnýtanleg. Einnig eru innan svæðisins mikil og lítið snortin náttúrugæði skammt frá höfuðborgarsvæðinu. Og þar sem Hafnarfjarðarbær fær með úrskurðinum skipulagsvald yfir öllu svæðinu getur bærinn hagnýtt sér allt svæðið á beinan og óbeinan máta.

Í verðmætamati sem umbjóðandi minn létt Magnús Magnússon verkfræðing gera þá er komist að þeirri niðurstöðu að verðmæti þeirra réttinda sem Hafnarfjarðarbær fékk með úrskurði óbyggðanefndar nemí á bilinu 3 – 3,6 milljarðar króna á núvirði. Þessi matsgerð er hér meðfylgjandi en í henni er nánari útlistun á þeim gæðum sem Hafnarfjarðarbær öðlaðist með vinnu umbjóðanda míns.

Krafa um lögmannsþóknun:

Væntanlega er óumdeilt að Hafnarfjarðarbær samþykkti vinnuframlag umbjóðanda míns til að reka þetta mál fyrir hönd bæjarins og jafnframt að ósamið var um hver laun fyrir það skyldu vera. Bæði snýr það að störfum umbjóðanda míns við málið eftir að hann lætur af störfum sem bæjarlögmaður en einnig að störfum hans við málið þegar hann gegndi embætti bæjarlögmanns en skv. starfssamning fékk umbjóðandi minn sjálfstætt greitt fyrir málarekstur fyrir dómkstórum og stjórnsýslunefndum. Og væntanlega er óumdeilt sömuleiðis að við mat á þeim launum beri að líta til 1. mgr. 24. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 er tiltekur að lögmenn skuli fá hæfilegt endurgjald fyrir störf sín. Og væntanlega er óumdeilt líka að mælikvarðinn á hvað teljist hæfileg laun snúist um unna tíma, vandasemi málsins og hagsmuni þá sem um er teft. Í málí þessu fara allir þessir þættir saman. Málið var afar viðamikið og flókið. Gagnaöflun var gríðarlega mikil og frá mörgum stöðum en málsskjöl urðu 343 auk 11 hlíðsjónargagna. Að miklum hluta var þessara gagna aflað af umbjóðanda mínum enda var Hafnarfjarðarbær sóknaraðili í málínun. Og bara úrskurður óbyggðanefndar var 97 bls. sem gefur ágæta hugmynd um hve viðamikið málið var. Hagsmunir þeir sem um var teft í málinu gjörbreyta lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar um alla framtíð með öllum þeim réttindum sem því fylgja.


Kröfugerð umbjóðanda míns um lögmannsþóknun í umræddu máli byggir því á eftifarandi:

- Samkvæmt tímaskýrslu umbjóðanda míns fóru í málið 5.439 vinnustundir. Á það ber að líta að málareksturinn var hreinlega fullt starf frá 2010 og þar til úrskurður féll í óbyggðanefnd árið 2014 eða um 4 ár. Umbjóðandi minn telur tímalauunin kr. 27.000 auk VSK vera hæfileg en umbjóðandi minn er hæstaréttarlögmaður með langa reynslu og sérþekkingu á sviði eignaréttar og stjórnsýslu. Samkvæmt því er hæfilegt endurgjald kr. 146.853.000.-.
- Samkvæmt matsgerð er verðmæti þeirra réttinda, sem umbjóðandi minn aflaði til Hafnarfjarðarbæjar með fullnaðar sigri fyrir óbyggðanefnd, á bilinu 3 – 3,6 milljarðar króna. Algeng hagsmunatenging lögmannsþóknunar er um 4% af hinum umdeildu hagsmunum. Sé miðað við miðju matsins eða 3,3 milljarða kr. er hæfilegt endurgjald skv. þessari aðferð kr. 132.000.000.-.

Samkvæmt ofangreindu leiðir bæði tímalengd vinnu sem og algeng hagsmunatenging vel saman um niðurstöðu varðandi hæfilega lögmannsþóknun skv. 1. mgr. 24. gr. laga um lögmann. Umbjóðandi minn gerir því kröfu byggða á millileið þessara tveggja aðferða sem nemur kr. 139.426.000 auk lögbundins VSK af þóknun. Í því felst ekki að umbjóðandi minn falli frá kröfu byggðri eingöngu á annarri hvorri aðferðarfæðinni ef á reynir fyrir dómi.

Er hér með skorað á Hafnarfjarðarbæ að gagna til samninga við umbjóðanda minn um greiðslu á ofangreindri fjárhæð. Verði Hafnarfjarðarbær ekki við þeirri kröfu áskilur umbjóðandi minn sér allan rétt til að sækja rétt sinn með atbeina dómstóla.

Virðingarfyllst,
f.h. Guðmundar Benediktssonar hrl.



Valdemar Johnsen hdl.

Hjálagt:

Tímaskýrsla dags. 09.02.2016

Greinargerð Guðmundar Benediktssonar hrl. dags. 27.01.2016

Matsgerð dags. 29.12.2015 ásamt uppdrætti

Samkomulag um starfslok dags. 07.07.2010

